133,6

# Fundargjörðabók

fyrir

kvenfjelagið „Freyja."

11. fundargjörð.

Fundur var haldinn í Kvenfélaginu „Freyja“ 27. apríl 1919 að Auðunnarstöðum. Fundarstýra var kosin Kristín Gunnarsd. og tilnefndi hún Guðrúnu Jóhannesd. fyrir ritara. 1. málefni var: Lög sambandsfélag Húnvetninga. Framsögum. Jónína Líndal. Aðalheiður Jónsdóttir kom með svohljóðandi tillögu við 1. gr. „Fundurinn vill, að konur í félaginu „Freyja“ reyni að velja heppil. nafn á sambandsfélagið fyrir næsta Kvenfélagsfund. 2. gr. samþykt. 3. gr. breytist og hljóðar svo: Nefnuskrá félagsins er: „Samvinna“ 4. gr. samþykt. 5. gr. samþykt með svo hljóðandi breytingartillögu: „Á hverjum ársfundi gengur ein kona úr stjórninni, skal um leið önnur kosin í staðinn, eða hin fráfarandi endurkosin. 6., 7. og 8. gr. samþykt. 9. gr. bætt inn í og

hljóðar hún þannig: „Sambandsfélagið leysist ekki upp, meðan ein deild vill halda því saman.“ 2. málefni á fundinum: „Garðyrkjukensla“ framsögum. Aðalheiður Jónsd. Hún hafði reynt að útvega kenslukonu í þeirri grein hingað í sveitina, en ekki getað fengið hana, sökum þess, hve fáar hafa lært starfið.
Var því komið sér saman um, að undirbúa málið betur til næsta vors.
Jónína Líndal las upp áskorun til íslenskra kvenna frá stjórn Landspítalasjóðsins í Reykjavík. Hún talaði um, að æskilegt væri að safna peningum hér í sveitinni fyrir 19. júní. Það var samþykt og ákveðið að leita til samkomulags innan sambands með að hafa hátíð þann sama dag, næsta vor.
Næsti fundur ákveðinn að Lækjamóti, sunnud. 25. mars. Þá voru kosnar tvær konur til að mæta sem fulltrúar á sambandsfundi Hún-

vetninga á Melstað. Kosningu hlutu:
Aðalheiður Jónsdóttir og Guðrún Jóhannesd.
Því næst var fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

## 12. fundargjörð.

Fundur í kvenfélaginu „Freyja“ var haldinn að Stóru-Ásgeirsá 7. nóv. 1919. Voru 8 félagskonur mættar. Tvær nýjar bættust við: Sigríður Jónsdóttir Þorkelshóli og Fríða Sigurbjörnsd. s. st. Ingibjörg Eysteinsdóttir sagði sig úr félaginu. Jónína Líndal byrjaði á, að lesa upp lög félagsins og voru þau samþykkt með öllum atkvæðum. Skýrði hún síðan frá peningasöfnuði til Landspítalasjóðsins, í félaginu og las upp þakklætis skeyti frá stjórn landspítalasjóðsins. Því næst las hún upp fundargjörð frá sambandsfundinum, sem haldinn var að Melstað síðastl. sumar og skýrði frá

málefnum, sem rædd voru þar. Ennfremur sagði hún frá sýningunni, sem haldin var í sambandi við fundinn. Þá talaði Aðalheiður Þorvaldsd. um það, að hún væri því meðmælt að fundur í sýslusambandinu yrði haldinn hér í sveitinni næsta vor, en ekki er hún því samþykk, að sýning verði haldin samfara fundinum. Finst of stuttur tími liðinn frá því sýningin var haldin hér. Þar næst talaði Jónína Lindal og var því mjög meðmælt að sýning yrði haldin hér, og fanst hægt myndi verða að safna til hennar úr öðrum sveitum, fanst það nauðsynl. fyrir aðalsýninguna í sýslunni, sem haldin yrði ef hægt væri
árið 1921. Var svo rætt um þetta málefni töluvert, af félagskonum og ákveðið svo að síðustu að hafa sýningu. Kosnar voru í nefnd, til að safna til sýningarinnar:

Jónína Líndal, Fríða Sigurbjörnsd. og Þóra Jóhannsd. Var þar næst mál þetta útrætt.
Þá talaði formaður um að halda áfram námskeiði hér í sveitinni, og óskaði eftir að félagskonur væru því samþykkar. Tóku félagskonur til máls um þetta málefni og voru allar því meðmæltar, að ~~það~~ sú kensla gæti orðið framvegis. Óskuðu þær eftir, að Fríða Sigurbjörnsd. taki að sér kenslustörfin. Eftir nokkrar umræður, var það ákveðið að hafa námskeiðið og gaf Fríða kost á sér, sem kenslukona. Var umtalað að námskeiðið yrði í Víðidalstungu og Lækjamóti. Því næst var kosin vara stjórn, ritari og gjaldkeri. Hlutu kosningu: Fríða ritari og Jóhanna Tungu féhirðir. Þóra Stórhól kosin endurskoðandi.
Var þá tekið til umræðu, að stofnað yrði lestrarfélag í sjálfsambandinu, framsögumað

því máli hafði formaður. Vildi hann, að þangvar yrðu nokkrar gáðar bækur, sem hyggilegar fyrir konur. Var litið um þetta mál rætt, sökum ókunnugl. á bókum þess efnis, og var ákveðið að fresta því, að taka ákvörðun í þessu máli að sinni. Síðan var fundi slitið. Ákveðið var, að halda næsta fund að Auðunnarstöðum mánuð. milli jóla og nýjárs.

Margrét Jóhannesd.
(ritari)

## 13. Fundargjörð.

Fundur var haldinn í Kvenfél. „Freyja" 8. júlí 1920 að Lækjamóti.

Á dagskrá voru þessi málefni: Námsk., sýningarn., sambandsfundur og barnaskóla-málið. Sýnd voru nokkur stykki, sem námsmeyjar höfðu saumað, bæði dúkar, og flíkur, ennfremur hekluð millumverk, en

ekki var komið með á fundinn alt sem unnið var. Því næst var tekið til umræðu: Sýningarmálið. Jónína Líndal hafði framsögu að því. Hún taldi nauðsyn á því, að haldin yrði sýslusýning hjá okkur vestursýslubúum næsta vor. Svohljóðandi tillögu lagði hún fram fyrir fundinn: „Fundurinn leggur til, að sambandsfélag Húnvetninga gangist fyrir því næsta vor, að sýslusýning verði haldin á Hvammstanga, svo framarlega sem húsnæðið fæst og konur á Hvammstanga og kring um hann fáist til að hjálpa til þess." Ákveðið var, að halda fund í Miðfirðinum 19. sunnud. í sumar. Fulltrúar voru kosnir til að mæta á fundinum: Kristín Auðunnarstöðum og Aðalheiður Hrísum. Þá var tekið til umræðu: Barnaskólahússm. Framsögukona Jónína Líndal. Hún óskaði

þess að málinu yrði haldið vakandi í
félaginu og taldi nauðsyn á að þessu
áhugamáli yrði hrint áfram sem fyrst.
7 konur voru mættar á fundinum.
Ekki var meira rætt, ~~sagði~~ því fundar-
stjóra fundi slitið.

14. Fundargjörð.

Fundur var settur og haldinn í Kvenfél. „Freyja“
að Víðidalstungu, þ. 23. nóv. 1920. Ritari fund-
arins var kosin. Sigríður Þorkelsdóttir.
Málefni voru þessi á dagskrá:
1. Sýningarmálið. Framsm. að því máli J. S.
Líndal. Taldi hún nauðsyn á, að halda sýningu
í júní næstkomandi vor. Voru konur því með-
mæltar að sýning yrði haldin og fannst þeim
heppil. að hún væri snemma í mánuðinum
og haldin á Hvammstanga.
Næsta mál, sem tekið var til umræðu var:
Námskeiðið. Framsm. kona var J. S. Líndal.

Taldi hún nauðsyn á, að því yrði haldið áfram.
Aðalheiður talaði næst og kvaðst vera því meðmælt að það gæti haldið áfram.
Var talsvert um þetta rætt og að síðustu tekin sú ákvörðun, að námskeiðið yrði haldið einn hálfan mánuðinn í hverjum bæ, að Tungu og St-Ásgeirsá. Einnig var talað um, að bjóða einni fatakni telpu að taka þátt í ~~námskeiðinu~~ náminu.
3. Málefni var skemtisamkoma.
Var talað um, að halda skemtun í Víðidalstungu, í sambandi við söngskemtun Sig. Skagfelts. Eftir talsverðar umræður ákvað fundurinn að kjósa þriggja manna nefnd, til að annast um samkomuna.
Kosningu hlutu: Fríða Sigurbjörnsd. Guðrún Lækjamóti og Sigríður Þorkelshóli.
Að síðustu var kosin þriggja manna nefnd til að undirbúa fyrir sambandsfundinum

og sýninguna á Hvammstanga næstkomandi var. Kosningu hlutu: Aðalheiður Jónsdóttir, Jónína S. Líndal og Fríða Sigurbjörnsdóttir.
Að því loknu sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
ritari

## 15. fundargjörð.

Fundur var settur að Auðunnarstöðum 27 des. 1920 í Kvenfél. „Freyja“ 5 félagsk. voru mættar. Á dagskrá voru ekki önnur málefni en -Námskeiðið-. Fundarkonum fannst sjálfsagt að áframhald yrði með námskeiðið í vetur og var ráðin kennari: Fríða Sigurbjörns Búist er við að námsmeyjar verði 7. Talað var um að þær lærðu að sníða og prjóna eða bugsjól og svo ennfremur útsaum, sem á undanförnu. Ákveðið var, að námskeiðið yrði fyrra tímabilið í Tungu, en hið síðara að Efri Ásgeirsá. Var svo um talað, að

fundur gæði kalaðinn í lak námskeiðsins að St. Ásgeirsá svo félagskonur gæti séð vinnu námsmeyja. Af því fleiri málefni voru ekki fyrir hendi, sagði fundarstýra fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

16. fundargjörð.

Fundur var settur að Stóru-Ásgeirsá 14.4.1921, í Kvenfél. Freyja. Fundarstýra kosin Jónína S. Líndal, en ritari kosin Fríða Sigurbjörnsdóttir.

Málefni fundarins voru:

1. Undirbúningsmál undir sambandsfund norðlenskra kvenna á Hvammst. í maí 1921. Fundarstýra les upp áskorun frá Halldóru Bjarnadóttur um þátttöku í fjársamsl. til heimilis fyrir umkomulausar stúlkur, sem koma til Reykjavíkur.

Fundinum kemur saman um að heppil-
ormum vera að stofna hlutabréfafélag
en alls ekki hafa bæði frjáls samskot
og hlutabréf. Hlutabréfin verða mismun-
andi dýr, þau lægstu 25 kr. Till. svo-
hljóðandi kom frá Aðalheiði Jónsd.:
„Félagið „Freyja“ í Víðidal álítur nauð-
synl. að S. N. K. gangist fyrir hlutafjár-
söfnun til heimilis fyrir aðkomustúlk-
ur í Reykjavík með þeim skyldum
sem það myndi setja.“ Fundurinn sam-
þykkti till. með öllum atkvæðum.
2. málefni er bannmálið. Framsögu að
því hafði Þóra Jóhannsd. Fundarkon-
um kemur saman um að bera það
mál fram á sambandsfundi á Hvamms-
tanga að reyna að styrkja bannmálið
eftir mætti. Tillaga kom frá formanni
félagsins um bannmálið, sem hljóðaði

þannig: "Fundurinn leggur til, að S.N.K. skori á þing og stjórn að auka eftirlit með því að bannlögunum sé hlýtt og sala áfengra drykkja sé á engan hátt látin viðgangast." Fundurinn samþykkti tillöguna með öllum atkvæðum

3. málefni var, hvort kvenfél. „Freyja“ ætti að ganga í „Landssambandið.“ Fundinum kom saman um að fresta því til sambandsfundarins á Hv.tanga.

Aðalheiður Jónsd. kom með það málefni fyrir fundinn að þurfi að efla áhuga kvenna í félagsmálum yfirleitt. Bar hún fram svohljóðandi till. „Fundurinn telur nauðsyn. að S.N.K. sjái sér fært að láta þar til hæfa konu ferðast um Húnavatnssýslu til að glæða félagsáhuga meðal kvenna og stofna kvenfélög.“

6. Fundurinn kýs þrjá fulltrúa á sambandsf.

Kosningu hlutu: Jónína S. Líndal, Aðalheiður Jónsd. og Margrét Jóhannesd.
Af því fleiri málefni voru ekki fyrir hendi, sagði fundarstýra fundi slitið.

Margrét Jóhann
(ritari)

17. fundargjörð.

Fundur var settur að Hrísum í kvenfél. „Freyja" 31. júlí 1921. 5 félagsk. voru mættar.
1. málefni fundarins var það, að formaður kom með kostnaðar áætlun, sem féll á félagið við sambandsf. og sýningu, sem haldinn var á Hvammst. 3. júní s. l., og var áætlað um kr. 10-20.
2. málefni fundarins var, að formaður kom með þá uppástungu, að félagið héldi „hlutaveltu" á réttard. í haust, samhliða kaffisölu. Eiga félagsk. að gefa

einn hlutinn hver, á að giska 5: kr. virði.
Ætlar svo fél. að kaupa einn hlut í sameiningu, svo sem 30-40 kr. virði. Voru svo kosnar konur til að hugsa um framkvæmdastöðu á þessu. Kosningu hlutu, til að
1. annast hlutaveltuna: Aðalh: Jónsdóttir og Þóra Jóhannsd. Til að ~~Kaffisölu~~
" standa fyrir kaffisölu voru kosnar: Fríða Sigurbjörnsd. og Soffia Guttormsd.
Talað var um að félagsk. útvegaði tjald til notkunar fyrir kaffisöluna og hlutaveltuna þennan dag. Af því fleiri málefni voru ekki fyrir hendi sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannsd.
(ritari.)

# 18. Fundargjörð.

Fundur var haldinn í kvenfél. „Freyja“ 14. des. 1921 að Auðunnarst. Á dagskrá voru voru þessi málefni:

1. Skýrsla um störfin réttardaginn. Framsögum. Fríða Sigurbjörnsd. Skýrði hún frá því, hvað inn kom fyrir kaffisölu ~~sölu~~ og vindlasölu þann dag. Þá lýsti formaður fél. því yfir að hreinn ágóði af fyr nefndri sölu væri um 75–80 kr. Enn fr. skýrði Aðalheiður Jónsd. frá því, hvað inn hafði komið fyrir hlutaveltuna, voru það 75 kr. Mikið af miðum var eftir óselt, er hugsað til að selja þá seinna.

2. Vefnaðarkona. Skýrði formaður fél. frá því, að stúlka biðist til að starfa fyrir fél. sem vildi fá atvinnu við vefnað en þarf 200 kr. styrk til að geta fullkomn-

námo sitt áður. Leitar hún til kvenfél. hér í sýslunni hvort þau vilji styrkja hana og fá hana svo hingað til að kenna vefnað. Eftir talsv. umræður kom svo-hlj. till. frá form. fél. „Fundurinn álítur hyggil. að styrkja konu til vefnaðarnáms, vilji hin fél. gjöra hið sama, gegn því að hún vinni hjá félögunum næsta vetur að vefnaði og kenslu." - Till. var borin upp og samþykt með öllum atkvæðum. Svo var borin upp önnur till. af Aðalh. Jónsd. sem hljóðaði þannig: „Fundurinn felur formanni fél. að leita eftir hvort kvenfél. í Miðfirði og Hrútafirði vildu ekki vera í fél. við kvenfél. „Freyju" með að styrkja konu til vefnaðarnáms, samkvæmt áður samþyktri till." Till. borin upp og samþykt.

3. Námsskeið: Formaður fél. hafði framsögu að því og óskaði eftir að það gæti orðið sem að undanförnu, ef möguleikar væru til þess. Ræddu félagsk. þetta mál og var það svo samþykt af öllum, að námsskeið yrði, sem að undanförnu. Var fenginn staður fyrir það á St-Ásgei og kenslukona ráðin Fríða Sigurbjörnsd. Búis var við að kenslan færi fram í febrúarm. Var ekki meira rætt um það mál.
4. Kembingavélar. Framsögukona Aðalh. Jónsd. Taldi hún nauðsyn á að halda því máli vakandi og reyna fá sýslu-nefnd til að styrkja það að fengnar væru kembingavélar í sýsluna. Mál þetta var mikið rætt, var svo að síðustu sam-þykt svohljóðandi till. frá framsögukonu: „Fundurinn álítur nauðsynl. að kjósa 1 konu til þess að kanna kembingavéla-

málinu inn á sýslufund bæði í Austur-
og Vestur-Húnavatnssýslu á þessum vetri."
Tillagan borin upp og samþykt.
Að síðustu var ákveðið að halda skemtun
eftir hátíðarnar, til ágóða fyrir fél.
og var rætt um að selja þá hlutaveltu-
miðana, sem eftir voru óseldir frá því á
réttard. Af því fleiri málefni voru
ekki fyrir hendi sagði formaður fundi
slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

19 fundargjörð.

Fundur var settur í kvenfél. „Freyja" að
Víðidalst. 6. mars 1922. Flestar félagskonur
voru mættar. Til umræðu voru þessi mál-
efni:
1. Námsskeiðið. Sýnd var vinna náms-
meyja, sem nutu tilsagnar á námsskeiðinu

var það bæði fatasaumur og útsaumur.
Þótti félagskonum það gott, eftir því sem
við var að búast af byrjendum
2. Vefnaður. Talað var um vefnaðarkonu
sem félagið er búið að ráða til vinnu hjá sér næst-
komandi vetur. Útvegaður var vefstóll til
notkunar hjá kr. Jónasi Björnssyni Dæli
það sem vantaði til vefstólsins, bæði skeiðar
og höföld, ætlaði fél. að panta að.
Af því fleira lá ekki fyrir sagði formað-
ur fundi slitið. Að síðustu lagði ungfrú
Fríða Sigurbjörnsd. eftirfarandi skýrslu fyrir
fundinn um vinnu nemenda sinna
árið 1922:
„Veturinn 1922 var námsskeið haldið á
St.-Ásgeirsá. Tilhögun á kenslust. var þá
þannig: 6 st. fatasaum. 4 st. útsaum. Þær sem
þjónuðu gerðu það í fatasaumstíma. Þessar
stúlkur nutu tilsagnar“:

| Nöfn: | Aldur. | Fatasaum | Útsaumur. | Hekl. | Prjón. |
|---|---|---|---|---|---|
| Málfríður Meld. Gröf. | 20 ára. | 1 eyð treyja. 2 kjólblussur. 2 boli. 1 svuntu. 1 svuntu. 1 kjólpils. 1 undirblussur. 1 náttkjól. | 1 bakkadúkur. | " " | " " |
| Elin Jónsd. Gröf. | 17 ára. | 2 kjólblussur. 1 kjóll. 2 boli. 1 skyrta. 1 svunta. 1 náttkjól. 1 kjólpils. | 1 bakkadúkur. | " " | " " |
| Sigríður Jakobs Rófu. | 16 ára. | 1 kjóltreyja. 1 svunta. gerði við kjólpils. | 1 Gásadúkur. 1 kross i koddaver. | " " | 1 Langsjal. |
| Sigríður Gunnl. Kolugili. | 15 ára. | 1 kjóll. 1 svunta. 1 milliskyrta. | 1 bakkadúkur. | 1 millumverk í svuntu. | 1 trefill að nokkru leyti. |

| Nöfn. | Aldur. | Fatasaumur. | Útsaum. | Hekl. | Prjón. |
|---|---|---|---|---|---|
| Petrea Guðmundsd. | 13 ára. | 1 kápa | 1 bakka- | 1 lítill | 1 sjal. |
| Sporðshúsum | „ „ „ | 1 treyja<br>1 pils. | dúkur. | dúkur. | „ „ |
| „ „ „ „ „ „ | „ „ „ | „ „ „ | „ „ | „ „ | „ „ |
| Sigurbjörg Þórðardóttir | | 2 kven- | 1 kamm- | „ „ | byrjað |
| Galtanesi. | 14 ára. | skyrtur. | óðu- | „ „ | á að |
| | | 1 milli- | dúkur. | | prjóna |
| „ „ „ „ „ | „ „ „ | skyrta. | „ „ | „ „ | sjal. |
| „ „ „ „ „ | „ „ „ | 1 kjólstreyja og | „ „ | „ „ | „ „ |
| „ „ „ „ „ | „ „ „ | kjól að nokkru leyti. | „ „ | „ „ | „ „ |
| „ „ „ „ „ „ | „ „ „ | „ „ | „ „ | „ „ | „ „ |
| Sesilia Ásmundsdóttir | 9 ára. | „ „ „ | 1 bakka | 1 millum | |
| Hóni-Hól. | „ „ „ | „ „ „ | dúkur | verk í svuntu. | sjal. |

20. fundargjörð.

Fundur var haldinn að Hrísum 30. júní 1922. 5 félagsk. voru mættar. Á dagskrá voru þessi málefni:

1. Reikningar félagsins. Sökum þess, að endurskoðendur voru ekki búnir að fullgjöra þá, voru þeir ekki lagðir fyrir fundinn en búist var við, að þeir yrðu til búnir fyrir næsta fund.

2. Vefjarkonan. Formaður félagsins skýrði frá gjörðum sambandsfundar, sem samþykkti að taka hana til að starfa fyrir félögin, næstkomandi vetur. Var ákveðið að hún yrði 6 vikna tíma hjá hverju félagi og ef tími og geta leyfði, yrði þá námsskeið á Hvammstanga seinast. Ennfremur var samþykt að kaupgjald kenslukonunnar yrði 50 kr á mánuði. Formaður áleit best, að fá kaup

félagið á Hvammstanga til að panta
keypt tvist til vefnaðar fyrir félagin
3. Námsskeiðið. Fundurinn samþykkti að
Sigríður Jakobsd. sem var utan félagsv.
en naut kenslu, borgi félaginu kr. 5.
Félagið borgi fyrir húsnæði á St-Ásgeirsá
kr. 10.- Að síðustu var samþykt að félagið
hefði kaffisölu á réttard. sem að undanförnu.
Fundi slitið af formanni
félagsins.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

21. Fundargjörð.

Aðalfundur fél. var haldinn að St-Ásg.
3. nóv. 1922. 5 félagsk. voru mættar.
Á dagskrá voru þessi málefni:
1. Réttard. Reikningar frá nefndum
degi voru lagðir fram, og kom þá í
ljós, að hreinn ágóði af kaffisölunni

varu kr. 70. Formaður fél. þakkaði Friðu Sigurbjörnsd. fyrir vinnuna þann dag og alla fyrirhöfn, sem að því laut og óskaði eftir að hún starfaði við það framvegis, ef fél. héldi því áfram-
2 Vefjarkonan. Búist var við að hún starfaði fyrst hjá kvenfél. í Miðfirði og kæmi svo í Víðidal, nema ef kvenfél. í Hrútafirði óskaði eftir að hún kæmi fyrst þar. Ákveðið var, að staðirnir sem hún dveldi á yfir tímann yrði í Víðidalstungu og á Lækjamóti.
Að síðustu var kosið í stjórn félagsins. Hlaut hún öll endurkosningu.
Af því fleira lá ekki fyrir, sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannsd.
(ritari.)

# 22. Fundargjörð.

Laugard. 24. febr. 1923 var fundur settur og haldinn að Víðidalstungu eftir áður umgengnu fundarboði.

Á dagskrá voru þessi málefni:

1. Vefjarkaupar. 2. Sambandsfundur.

3. Bréf frá: H. B. F. Í.

Fyrst lagði formaður fram skýrslu um efni það, sem hann (~~lagði~~) hafði keypt til vefnaðarins. Aðra skýrslu lagði hann fram yfir vefnaðinn á Lækjamóti. Síðan lagði Jóhanna í Víðidalstungu fram skýrslu um vefnaðinn þar.

2. mál á dagskrá: Sambandsfundur.

Fundurinn telur ekki fært að ákveða sambandsfund fyr en vefnaðarsýningin er afstaðin á Hvammstanga.

3. mál á dagskrá: Bréf frá. H. R. F. Í.

Formaður las upp bréf frá. K. F. R. Í.

Á þrettándanum 1923 var haldin skemtisamkoma í Víðidalstungu til ágóða fyrir Guðrúnu Jónsdóttir. frá Tittlingastöðum, sem er berklaveik suður í Reykjavík. Henni voru sendar. kr. 43.00. frá kvenfél. „Freyja“

Fundurinn samþykti að á hverjum fundi væri kosin kona til þess að skemta með upplestri eða öðru.

Jóhanna í Víðidalstungu kom með þá tillögu, að allar kvenfélagsk. fari skemtiferð einhvern sunnudag næsta sumar. Tillagan samþykt.

Fundargjörðin lesin upp.

Fundi slitið.

Aðalheiður Jónsdóttir
(ritari fundarins)

23. fundargjörð.

Fundur var haldin að Aðalbrunnarstöðum 3. jan. 1924. í kvenfél. „Freyja“.

5 félagsk. voru mættar.

Skýrt var frá gjörðum síðasta fundar, sem voru þær að félagsk. áknáðu að kaupa í nokkrar flíkur, sem félagskonur saumuðu svo og gæfu fátækum börnum fyrir jólin. Félagsk. kaupu þessu í framkvæmd var keypt efni í skyrtur og svuntur fyrir 73 kr. og var sniðið og saumað úr því 21 stykki.

Heimilin sem gefið var á voru þessi:

1. Þorfa 1 sangurver. ...
2. Enniskoti 5 flíkur, (skyrtur og svuntur)
3. Sporði. 4 --- skyrtur, svuntur og sangurver
4. Deildarhóll 4 --- --- --- ---
5. Stórahlíð. 6 --- --- --- ---

1 kertapakki fylgdi með á hvert

heimili og var þessu kamið til niðstakenda fyrir jólin.
Að síðustu var ákveðið að halda kaffidansleik seint í janúarmánuði ef nógu margir þáttakendur fengjust.
Fundi slitið.

Fundarstjóra:
Jónína S. Líndal.
Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

24. fundargjörð.
Fundur var settur að Víðidalstungu 21. apríl 1924 í kvenfél. „Freyja.“
6 konur voru mættar.
Formaður setti fundinum með nokkrum orðum og lýsti því yfir að félagskonur hefðu ekki komið saman, síðan ~~sk~~skemtan var haldin að Auðunnarst.

af félagskonum. Gjaldkeri félagsins skýrði frá því, sem inn kom á sam-komunni, voru það 102 kr. og voru gefnar 50 kr. af því til Björns Þórðar-sonar og Andreu Bjarnadóttir í Sporði, sem systkin var komin heim af sjúkra-húsi.

Formaður skýrði frá að nauðsynl. væri fyrir félagið að fá keypt tjald fyrir næsta réttardag og voru félagskonur því sam-þykkar. Enn fremur var ákveðið að kaupa 12 bollapör til notkunar sama dag.

Þá kom fram till. frá Aðalheiði í Hrísum um að félagsk. réðist í að kaupa spunavél í framtíðinni. Voru allar því meðmæltar. Hugmyndin er sú, að panta hana næsta haust og fá hana smíðaða næsta

vetur. Einnig kom fram tillaga um að félagskonur keyptu sjúkrastól og gæfu skýlinu á Hvammstanga til afnota fyrir skýlið og hugmyndin er að vera búin að fá stólinn fyrir þá skemmtun og afhenda hann þá sem gjöf til sjúkrahússins.

Að síðustu voru kosnar 2 konur til að mæta á Sambandsfundi næstum í Hrútafirði næstkomandi vor.

Kosningu hlutu:

Aðalheiður Hrísum og Margrét á Ásgeirsá. Að því búnu var fundi slitið.

Margrét Jóhannsd.
(ritari.)

25. fundargjörð.

Fundur var haldinn í kvenfél. „Freyja“ að Valdarási, 17. ágúst 1924. 7 konur voru mættar. Ritari kosinn, Fríða Sigurbjörnsdóttir.

Þessi málefni voru á dagskrá:

1. Vefnaður, 2. námskeið, 3. Tjaldið,
4. Réttardagurinn, 5. Sambandsfundur.

Formaður félagsins flutti vefnaðarmálið, taldi æskil. ef hægt yrði að halda námskeið næsta vetur. Sambandsfundur frá 1923 ákvað að styrkja stúlku til vefnaðarkenslu með 100 kr. Skylyrði til þess að stúlkan fái styrkinn er, að hún kenni ekki færri en þremur nemendum, ekki minna en mánaðartíma. Einnig var það gjört að skylyrði að munirnir yrðu settir á sýningu.

Annað mál, um tjaldið. Formaður hafði útvegað efni, sem kostaði um 130 kr. Fundurinn ákvað að koma tjaldinu upp

fyrir réttir.

Þriðja mál, námskeið. Formaður skýrði frá því að Búnaðarfél. Íslands hefði gjört Vestur-sýslunni tilboð um að útvega stúlku til að kenna matreiðslu. Fundurinn ákvað að taka matreiðslunk. ef nægil. þátttaka fengist.

Fjórða mál, réttarbaksturinn.

Margrét á Ásgeirsá tók að sér að baka með hjálp Fríðu Sigurbjörnsdóttur og Soffíu Guttormsdóttur.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari)

# 26. fundargjörð.

Fimtud. 12. nóv. 1924 var fundur settur og haldinn að Stóru-Ásgeirsá, af kvenfélaginu „Freyja.“ 7 félagskonur mættar.
Formaður setti fundinn og bar upp nýja félagskonu, Ólrefnu Hinriksdóttur, er tekin var í félagið með öllum atkvæðum.
Þá var kosinn ritari fundarins, Kristín Gunnarsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Málefni. Réttardagurinn.
Framsögukona Jónína Líndal skýrði frá Kaffisölunni, er gengið hafði ágætlega eins og að undanförnu. Lagði hún fram reikninga yfir kostnaðinn við að koma upp tjaldi, er félagið hafði eignast síðastliðið sumar. Tjaldið hafði kostað alls kr. 173,65.
Félagskonur lýstu ánægju yfir tjaldkaup-

unum, er formaður hafði að mestu leyti annast. Málefnið tekið af dagskrá.
2. málefni. Skóginn í vetur.
Framsögukona, Aðalheiður Jónsdóttir.
Hún mynti á, að á fundi síðastliðinn vetur, hefði verið talað um að kaupa spunavél strax og félagið treysti sér til.
Eftir nokkrar umræður var samþykt að fela stjórninni að hrinda þessu máli sem fyrst áfram.
Formaður fór fram á að gleðja eins og tvö fátækustu heimilin fyrir jólin.
Sökum þess að félagið hafði lagt í svo mikinn kostnað þetta yfirstandandi ár, sá það sér ekki fært að verja til þess nema kr. 50.
Jónína Líndal kosinn til þess að koma með eitthvað til skemtunar á næsta fundi.
Ákveðið að hafa næsta fund í Hrísum.
Fundi slitið. Margrét Jóhannes
(ritari)

27. fundargjörð.

Aðalfundur í Kvenfélaginu „Freyja“ var haldinn að Hrísum 31. jan. 1925.
6 félagskonur voru mættar. Formaður bar upp eina nýja, sem gekk í félagið, Gunnþórunn Sigurðard. Var henni tekið með öllum atkvæðum.
Fyrst las formaður upp lög félagsins, ef óskað væri eftir einhverjum breytingum.
1. 2. 3. og 4. gr. voru samþyktar óbreyttar, en 5. gr. breytist þannig: „Aðalfundur félagsins sé haldinn í nóv. eða des. ár hvert.“
6. gr. óbreytt, en 7. gr. bætist við, að konur séu skuldlausar er þær senda úrsögn úr félaginu. 8. 9. 10. og 11. óbreyttar, en 12 gr. breytist þannig, að fundum verði fækkað úr 10 ofan í 4 – 6.
Því næst var kosið í stjórn félagsins. Var hún endurkosin með ~~með~~ meiri hluta atkvæða.

sömul. varastjórn sú sama.
Þá talaði formaður um að nauðsyn bæri til að félagið héldi einhverja skemtun til ágóða fyrir fél. Ákveðið var, að reyna að leika lítið stykki, ef nógu margir þátttakendur fengjust, annars væri annað tekið fyrir til skemtana, ef það brigðist.
Síðast las formaður upp áskorun frá „Berklavarnafél. Íslands,“ þess efnis, að óskað er eftir stuðningi frá félögum eða einstökum mönnum að hrinda því nauðsynjamáli áfram, en sökum ókunnugleika og tímaleysis sá fundurinn sér ekki fært að taka neina ákvörðun í því máli að þessu sinni, og var það því tekið af dagskrá.
Ákveðið var að halda sambandsfund á Hvammstanga 17 febr. n.k. Tillaga frá Aðalheiði Jónsdóttir svo hljóðandi: „Fundurinn skorar á stjórn kvenfél. „Freyju“ að gangast

fyrir að kvenfél. verði stofnað á sem fyrst á Hvammstanga. Telur hann að æskilegt væri, að kjósa einhverja konur til þess að flytja erindi á Hvammstanga í því augnamiði að hrinda þessu áfram".
Kosningu hlutu til að stiðja að því að stofna kvenfél. á Hvammst. Aðalheiður Jónsdóttir og Jónína Líndal.
Ákveðið var, að fá konur þar á staðnum til að koma saman á fund, að sambandsfundi loknum.
Af því fleira lá ekki fyrir fundinum, sagði formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

# 28. fundargjörð.

Fundur, í kvenfél. „Freyja“ var haldinn að Lækjamóti; 12 mars 1927.
Í félagskonur voru mættar.
Ein ný gekk í félagið, Sigurbjörg Guttorms-dóttir Síðu.
Formaður setti fundinn og sagði félags-konum frá bréfi, sem kom frá forstöðu-konu „norðlenska sambandsins“.
Óskar hún eftir, að fulltrúi verði sendur á sambandsfund næsta komand-vor, sem haldinn verður á Siglufirði.
Einnig skýrir forstöðukonan frá í sama bréfi, að í ráði sé, að fá einhverja vel hæfann fyrirlesara til að halda fyrir-lestra í vor á Sambandssvæðinu.
Því næst bar formaður upp, hvort fél-agskonur væru ekki því samþykkar að

félagið yrði fráumvegis í „Norðlenska Sambandinu". Voru félagsk. allar því samþykkar. Ennfremur að taka að einhverju leyti þátt í ferðakostnaði fyrirlesarans. Þá var skemtanamálið borið upp.
Á síðasta fundi félagsins var ákveðið að leika, en sökum þess að þátttakendur brugðust varð að hætta við það, en í þess stað var ákveðið að halda grímudansleik að Auðunnarstöðum snemma í næsta mánuði.
Fleira lá ekki fyrir fundi og sagði því formaður fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

# 29. fundargjörð.

Miðvikud. 15. apríl. 1925 var haldinn fundur
í Kvenfél. „Freyja“ að Auðunnarstöðum.
7 konur sóttu fundinn, ein ný gekk í
fél. Herdís Jóhannesdóttir Stóruhól.
Formaður fél. Jónína Líndal setti
fundinn og kaus fundarritara Þórdísi
Pétursdóttir.

1 Formaður talaði um skemtun, sem
búið var að ákveða á næsta fundi á
undan, en fórst fyrir sökum veðurs.
Að ~~sæks~~ samkomulagi varð, að halda
grímudansleik á sumardaginn fyrsta.

2. Formaður skýrði frá tilboði frá „Búnað-
félagi Íslands,“ um stúlku til matreiðslu-
kenslu o. fl.
Samþykt var í einu hljóði tillaga frá
formanni svo hljóðandi:
„Fundurinn telur æskil. að stjórn „Kvenna-

bandsins" gangist fyrir því, að fá ungfrú Sigurborgu Kristjánsdóttur til að halda matreiðslunámskeið og fyrirlestra á félagssvæðinu í næstkomandi maímánuði."

Formanni falið að sjá um allar framkvæmdir þessu máli viðvíkjandi fyrir fél. hönd.

Talað var um væntanl. komu síra Magnúsar Helgasonar í fyrirlestraferð í júní, og ýmsa tilhögun því viðvíkjandi.

Fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

31. fundargjörð.

Aðalfundur í Kvenfél. „Freyja“ var haldinn að St.-Ásgeirsá 31. jan. 1926.

8 fél. konur voru mættar.

Ritari fél. kosinn fundarritari.

1. Lög félagsins.

Voru þau lesin upp og samþykt óbreitt í einu hljóði.

2. Spunavélin. 3. Reikningar félagsins.

Formaður bar upp fyrir fundinn reglugjörð fyrir notkun spunavélarinnar svohljóðandi: „Öllum meðlimum Kvenfél. „Freyju“ skal heimilt að nota spunavélina, gegn því að greiða 5 aura í félagssjóð fyrir hverja einfalda hespu og 12 aura fyrir hverja tvinnaða.

Meðan ekki fæst húsnæði fyrir vélina skal hún flutt á milli félagsmeðlima þannig, að þar sem hún endar að vorinu byrji

hún næsta haust. Spunatíminn skal talinn frá 15 nóv. til 15 apríl. Skal hverri félagskonu heimilt að hafa vélina 2-3 vikur. Þær félagskonur sem ekki taka vélina heim skulu samlaga sig við nágrannakonurnar og nota vélina gegn sama endurgjaldi. Þar sem þannig tvær félagskonur nota vélina skalt heimilt að hafa hana í fjórar vikur og ef fleiri eru þá viku lengur fyrir hverja.
Hver kona skal sjálf segja til hve mikið hún spinnur upp á æru og samvisku og gjaldkeri fjel. skal veita gjaldinu móttöku. Ef ágreiningur verður út úr notkun vélarinnar, skal formaður fjel skera úr, til næsta aðalfundar ~~Reglugjörð þessari skal aðeins breytt á aðalfundi félagsins~~. Verði skemdir á vélinni, sem ekki er hægt að kenna neinum sérstökum, skal félagið annast viðgjörðina.

Reglugjörð þessari skal aðeins breytt á aðalfundi félagsins."
Reglugjörðin lesin upp og samþykkt í einu hljóði.
2. Formaður las upp bréf frá „Bandalagi Kvenna" í Reykjavík þess efnis að leitað er eftir að konur styðji að hinni fyrirhuguðu hlutabréfasöfnun, sem á að fara fram til styrktar Kvennaheimilisbyggingunni í Reykjavík. Þar eiga konur út um land að geta átt vísan verustað er þær koma til borgarinnar og dvelja þar og konur yfirleitt geta komið þar saman og búið saman þeim til ánægju og hagnaðar. Voru fundarkonur því meðmæltar að styðja þetta mál, þegar þar að kemur.
3. Kvennalisti til alþingis.
Formaður lagði spurningu fyrir fundinn hvort konur vildu koma fram með Kvenna-

lista til alþingiskosninga í vor.
Var það borið upp til atkvæða og skiftust
atkvæði jafnt með og mót.

4. Sambandsfundur.
Fulltrúar kosnir til að mæta á næsta
sambandsfundi; Kristín Gunnarsdóttir og
Margrét Jóhannsdóttir.
Að síðustu var gengið til kosninga með
stjórn félagsins. Var hún öll endurkosin
með áskiftum atkvæðum.
Fundargjörðin lesin upp og samþykt.
Sagði formaðurinn fundi slitið.

Margrét Jóhannsdóttir
(ritari.)

# 32. fundargjörð.

Fundur var haldinn að Stórhól 23. mars 1926. 6 félagsk. voru mættar.
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Formaður las upp bréf frá reikniskunn konunni um hlutaútboð til stofnun kvennaheimilisins. Óskaði formaður eftir að konur gerðust áskrifendur að þessum hlutaútboðsbréfum, þó í smáum stíl væri.
2. Bréf frá sýningarnefnd á Akureyri, sem óskar eftir að munir verði sendir á iðnsýninguna sem halda á þar í vor.
3. Boðsbréf frá „Kvenréttindafél. Íslands“ um næsta landsfund, sem haldinn verður á Akureyri í júním n.k.
4. Tombola. Ákveðið er, að halda tombolu á félagssvæðinu í vor. Eiga allar félagsk. að safna til hennar, en í sérstaka tombolu-

nefnd hlutu kosningu, Kristín Gunnarsd.
Herdís Jóhannesd. og Fríða Sigurbjörnsd.
5. Barnasamkoma. Framsögum. Aðalheiður
Jónsdóttir. Óskaði hún eftir að í var
gæti komist á samkoma fyrir börn.
Ákveðið var, að staður yrði fenginn í
miðdalnum. Ekki var hægt að ákveða
það nánar, aðeins kosið í nefnd til að hafa
framkvæmdir í þessu. Kosningu hlutu:
Aðalheiður Jónsd., Jónína Lindal og Margr.
Jóhannesdóttir.
Að því búnu sagði form. fundi slitið.
Margrét Jóhannesd.
(ritari.)

33. fundargjörð.

Fundur var haldinn í Kvenfél. „Freyja"
að Lækjamóti 18. júlí 1926.
Formaður fél. setti fundinn og stjórnaði honum.
3 utanfélagsk. voru mættar, þar á meðal

frú Sigurlaug Knudsen. Óskaði formaður félagsins eftir henni á fundinn til að skýra frá störfum Landsfundarins, sem haldinn var á Akureyri í júním. s.l. Skýrðu þær í sameiningu frá störfum fundarins, sem voru víðtæk og skemtileg.
Því næst sneri fundurinn sér að sérstökum félagsmál. Fór hann þess á leit við Fríðu Sigurbjörnsd. að hún taki að sér að selja harmoniku, sem fél. keypti í vor fyrir tombóluna og útvegaði aðra vandaðri.
Tvær konur óskuðu eftir inntöku í fél. Kristbjörg Kristmundsd. og Margrét Heldal.
Að síðustu var rætt um réttardaginn. Óskaði fundurinn eftir að kaffisala færi þá fram, sem að undanförnu. Ennfremur var óskað eftir að Fríða Sigurbjörnsdóttir taki að sér forystu við það og gaf hún kost á því, með góðri hjálp félagskv. og að fél.

keypti nýjan „primus“ til notkunar
þann dag.
Fleira lá ekki fyrir og sagði formaður
fundi slitið.

Margrét Jóhannesd.
(ritari.)